



Strandabyggð
Hlynur Torfi Torfason
Höfðagötu 3
510 HÓLMAVÍK
Iceland

Garðabær, 3.3.2025

Málsnúmer: 202412-0055

LA

Efni: Tillaga að nýju Aðalskipulagi Strandabyggðar 2021-2033

Vísað er í tölvubréf frá Strandabyggð sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 20. desember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um auglýsta tillögu að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um vinnslutillögu þann 11. júlí 2024. Þar koma fram ýmsar ábendingar sem eiga enn við og er vísað í fyrri umsögn stofnunarinnar. Til viðbótar vill stofnunin koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í greinargerð er lýsing á jarðfræði frekar rýr sem að hluta tengist því að almennt vantar frekari jarðfræðirannsóknir og góð jarðfræðikort fyrir Vestfirði. Innan sveitarfélagsins er þó mikill jarðbeytileiki, s.s. jarðlagastafla með hraunlögum frá míoßen og plíoßen jarðsögutíma, þykk setlög með surtarbrandi og plöntuleifum, einhallabelti, mislægi, landform og rof eftir ísaldarjökla. Innan sveitarfélagsins eru ummerki eftir tvær fornar megineldstöðvar í Króksfirði og Mókollsdal. Hjá Náttúrufræðistofnun eru skráðir níu fundarstaðir steingervinga með surtarbrandi og plöntuleifum innan sveitarfélagsins. Merkir steingervingarstaðir með hátt vísindagildi vegna rannsókna eru í HúsavíkurlEIF, Tröllatungu og Mókollsdal og ætti að friðlýsa þá staði. Þá hafa fundist fornskeljar í setlögum mynduðum í upphafi nútíma t.d. í Bitrufirði, Kollafjarðarnesi og í Steingrímsfirði. Í 60 gr. náttúruverndarlaga njóta steingervingar verndar með því að óheimilt er að losa steingervinga úr jarðlögum á fundarstað.

Á hásléttu sveitarfélagsins, sunnan við Drangajökul, er mikið af stöðuvötnum og tjörnum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013). Þessi vötn eru afar mikilvæg fyrir lífríki svæðisins, en auk þess hafa rannsóknir á setlögum í botni vatnanna gefið mikilvægar upplýsingar um fornloftslag og jöklunarsögu Drangajökuls á nútíma sem þykir áhugaverð þar sem Drangajökull hagar sé á annan hátt miðað við aðra jökla landsins. Þá hafa jökulmyndanir í Kaldalóni verið rannsakaðar og kortlagðar.

Í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 kemur skýrt fram að skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir. Ekki liggur fyrir opinber afmörkun óbyggðra víðerna á Íslandi, en víðerni hafa verið kortlögð útfrá tiltækum landupplýsingagögnum (Carver o.fl. 2023) og eru víðernakort birt á kortavefnum map.is (sjá meðfylgjandi skjáskot af víðernakorti). Þar má sjá að ein af mestu óbyggðu víðernum landsins eru innan sveitarfélagsins, þ.m.t. kjarnasvæði (merkt með bláum lit), sem taka þarf tillit til í skipulagsmálum. Óbyggð víðerni hafa hátt verndargildi á heimsvísu þar sem þau eru á undanhaldi og í 3. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) segir að standa skal vörð um óbyggð víðerni landsins.

